

Fundargerð- Skólaráðsfundur 27. janúar 2022

Fundarmenn:

Elínrós Benediktsdóttir, Rut Indriðadóttir, Hildur Jóna Bergþórsdóttir, Guðmundur Kristinn Davíðsson, Sólveig Guðmundsdóttir, Ólafur Jóhann Borgþórsson og Erla Erlendsdóttir (ritari)

1. Staðan í skólanum í tengslum við Covid í ljósi nýrrar reglugerðar. Mikil vinna hefur verið á starfsfólki síðustu tvö ár við að halda skólastarfi gangandi. Síðustu vikur höfum við reynt að halda árgöngum út af fyrir sig. Fjarvera nemenda er ca. 60 einstaklingar þessa dagana. Skv. nýrri reglugerð þá mun rakning ekki fara fram og börn undanþegin sóttkví vegna nálægðar við smitaðan einstaklings utan heimilis. Helmingur nemenda skólans er að koma með nesti vegna gildandi reglugerða. Vonandi breytist það sem fyrst.
2. Farið yfir starfsáætlun. Stærsta hlutverk skólaráðs er starfsáætlun hvers árs. Engar athugasemdir frá fundarmönnum eða tillögur að breytingum á starfsáætlun. Starfsáætlun samþykkt einróma.
3. Í Ölduselsskóla er verið að skoða ákveðna breytingu varðandi skipulag á íþróttum. Elínrós er í samtarfshóp um nokkur skólahúsnæði í Seljahverfi. Hjá okkur hamlar það skólastarfi að vera með samnýtt íþróttahús og matsal. Mikið álag á starfsfólki að gera salinn tilbúinn fyrir hádegismat og þrifa hann eftir matinn svo hægt sé að kenna íþróttir aftur kl.13:00. Þess vegna þurfa íþróttakennarar að þrískipta íþróttahópum í sund, inniíþróttir og útiíþróttir. Verið er að skoða hvort að nemendur í 5. eða 6. bekk til 10. bekk gætu verið í nýja húsinu sem verið er að byggja hjá ÍR. Athugasemd hvort hægt væri að nýta gamla salinn í ÍR þar til að nýja húsið verður tilbúið. Einnig athugasemd um að upplýsa foreldrafélagið um málið þannig að við séum samstíga í málflutningi til borgarinnar.
4. Verið að undirbúa auglýsingu fyrir aðstoðarskólastjóra. Elínrós biður skólaráðið um leyfi til að kalla saman þau saman á stuttan fund til að fara yfir auglýsinguna.
5. Jói í ÍR hefur verið í miklu samstarfi við Ölduselsskóla um að hvetja nemendur sem eru óvirkir að finna tólmstundir við hæfi hvers og eins. Ólafur í Seljakirkju hefur einnig verið í sambandi við Jóa hvernig hægt væri að útvíkka tólmstundarstarf í hverfinu. Hugmynd að vera með gítarkennslu í Seljakirkju. Ósk allra að faraldurinn sé í rénun þannig hægt sé að fara á fullt í tólmstundarstarfi með börnum í hverfinu.
6. Spurning fulltrúa nemanda hvort nemendur í 10. bekk fái ekki Chrome bækur eins og 10. bekkingar í Seljaskóla og fleiri skólum.

Fundi slitið kl.09:15